

Verkefni 4: Óuppsett dæmi

Markmið

1. Notkun einfaldra reikniaðgerða á óuppsett dæmi
 1. Eitt kíló af osti kostar 1400 krónur. Hvað kosta 300 grömm mikið? Svar: 420 krónur.
 2. Jón er með 200.000 krónur í mánaðarlaun og fær 5% launahækku. Hver eru laun Jóns eftir hækku? Svar: 210.000 krónur.
 3. Páll fær 300.000 krónur í mánaðarlaun og borgar af því 37% tekjuskatt. Hvað fær Páll mikið útborgað? Svar: 189.000 krónur.
 4. Hvað eru 300 kíló mörg % af 2,5 tonnum? Svar: 12%.
 5. Par af skóm kostar 12000 krónur en á útsölu er gefinn 30% afsláttur. Hvað kostar skóparið með afslættinum? Svar: 8.400 krónur.
 6. Sigurður fór þrisvar sinnum í laxveiði. Í fyrstu ferðinni veiddi hann 7 fiska, 8 fiska í annarri ferðinni en bara 2 í þeirri þriðju. Hvað veiddi Sigurður að meðaltali marga fiska í hverri ferð? Svar: 5,67 fiska.
 7. Einbýlishús var auglýst á 60 milljónir króna en selt að lokum á 45 milljónir. Hversu mörg % var afslátturinn? Svar: 25%.
 8. Bergur bílasali keypti gamla Toyotu á 700000 krónur en soldi hana aftur á 1,1 milljón. Hversu mikil var álagning Bergs í %? Svar: 57%.
 9. Heildarlaun Tomma eru 500000 krónur. Hann borgar 37% í skatt og 4% að auki í lífeyrissjóð. Hvað fær Tommi mikið útborgað? Svar: 295.000 krónur
 10. Doddi á 15 ketti. Hann kaupir 8 ketti á útsölu en svo verður Doddi blankur, því kettirnir éta svo mikið og gefur 14. Hvað á Doddi marga ketti eftir þetta? Svar: 9 ketti.
 11. Halldór keypti nýjan bíl sem kostaði 2 milljónir. Hann borgaði 25% í peningum en fékk afganginn að láni. Hversu mikið borgaði Halldór og hversu hátt var lánið? Svar: 500.000 krónur í peningum og 1.500.000 krónur í lán.
 12. Halldór tók líka lán til að kaupa sér íbúð sem kostaði 15 milljónir. Hann borgar ekkert af láininu fyrsta árið en vegna verðbólgu hækkar lánið um 7% auk þess sem af því reiknast 5% vextir. Hversu mikið skuldar Halldór eftir 1 ár? Svar: 16.852.500 krónur.
 13. Jónína keyrir 25 kílómetra á 20 mínutum. Hver er hraði Jónínu í km/klst? Svar: 75 km/klst.
 14. Hvað er Jónína lengi að keyra 25 kílómetra ef hún ekur á 100 km/klst? Svar: 15 mínutur.
 15. Frú Sigríður keypti buxur á útsölu á 11000 krónur með 30% afslætti. Hvað kostuðu buxurnar án afsláttar? Svar: 15.715 krónur.